



UMHVERFISSTOFNUN

**Tillaga að starfsleyfi fyrir
Efnaeimingu ehf.**

- endurvinnsla spilliefna að Seljavogi 14, Höfnum -

Guðmundur B. Ingvarsson

Opinn kynningarfundur
Safnaðarheimilinu Höfnum
28. nóvember 2012

Yfirlit

1) Hvað er starfsleyfi?

- Markmið laga og reglugerða sem starfsleyfi byggja á.
- Innihald starfsleyfis.
- Ferill starfsleyfisveitingar.

2) Efnaeiming ehf., Höfnum

- Starfsleyfisumsókn Efnaeimingar.
- Möguleg lyktarmengun.
- Ákvæði starfsleyfistillögu.





Hvað er starfsleyfi?

- Ákvörðun Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem heimilaður er tiltekinn atvinnurekstur að uppfylltum skilyrðum.
- Skilyrðin eiga að stuðla að verndun umhverfisins með því að setja starfseminni ramma varðandi umfang, aðbúnað, starfshætti og mengunarvarnir. Mæla einnig fyrir um eftirlit með mögulegri mengun.



Hvað er starfsleyfi?

- Gefið út í samræmi við:
 - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 - Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
 - Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
 - Reglugerð 806/1999 um spilliefni.



Markmið löggjafar

- Markmið áðurnefndra laga og reglugerða:
 - Að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði.
 - Að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá atvinnurekstri.
 - Að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.
 - Að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun.





UMHVERFISSTOFNUN

Innihald starfsleyfis

- helstu atriði -

- Lýsing á starfsemi.
- Ákvæði um starfshætti.
- Ákvæði um mengunarvarnir.
- Ákvæði um vöktun og eftirlit.
- Ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni.




Ferill starfsleyfisveitingar

- Rekstraraðili sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfistillögu og tekur mið af umsögnum frá heilbrigðisnefnd og fleiri aðilum.
- Starfsleyfistillaga er auglýst opinberlega í 8 vikur. Hver sem er getur gert skriflegar athugasemdir við tillögunna.
- Umhverfisstofnun hefur 4 vikur til að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.
- Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar innan eins mánaðar.



Umsókn Efnæimingar

- Upphaflega var sótt um til heilbrigðisnefndar 18. apríl 2007. Umhverfisstofnun tók málið til sín 12. október 2009.
 - Sótt var um starfsleyfi fyrir flutning og endurvinnslu allt að 80 tonna af leysiefnum á ári - að uppistöðu terpentína, sellulósapynnir og etanól.
 - Efnin eru eimuð við undirprýsting í eimingartækjum.
 - Vinnslan fer fram í sérsmíðuðum gámi á steypu og afgirtu plani.
 - Hráefni og afurðir eru geymd á 1000 L tönkum á planinu.
 - Afrennsli af planinu er leitt í steyptan brunn sem hægt er að dæla upp úr.
 - Eimingarleifum er safnað saman og skilað til spilliefnamóttöku.
- 

Umsókn Efnæimingar

- Starfsemin er á skilgreindu iðnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024.
- Athugasemdir eldvarnaeftirlits eftir skoðun á starfseminni í október 2008.
- Starfsemin var tilkynnt til Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar matsskyldu.
 - Niðurstaða Skipulagsstofnunar að starfsemi Efnæimingar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.





UMHVERFISSTOFNUN

Starfstöð Efnæimingar





Möguleg lyktarmengun

- Ábendingar frá almenningi um ólykt frá Efnæimingu:
 - Í byrjun október 2010 (á þeim tíma einnig ábending um sprengingu í tunnu með eimingarleifum).
 - Í byrjun júní 2011 (lögregla og Umhverfisstofnun fóru á staðinn – stofnunin sá ekki merki um starfsemi á svæðinu en unnið var að endurbótum, m.a. málningarvinnu).
- Í síðustu viku barst ábending um lyktarmengun og ýmislegt sem þótti ábótavant hjá Efnæimingu.
 - Samdægurs bað Umhverfisstofnun Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um að fara í fyrirvaralaust eftirlit til Efnæimingar.
 - Engin starfsemi var í gangi.
 - Magn spilliefna á lóð var ekki yfir 20 tonnum (sbr. tillögu að starfsleyfi).
 - Ekki var að finna nema keim af leysiefnalykt við hlið inn á plan Efnæimingar.



Úttekt á mögulegri lyktarmengun

- Umhverfisstofnun fór fram á að Efnaeiming gerði úttekt á mögulegri lyktarmengun.
- Efnaeiming skilaði niðurstöðum úttektar í júlí 2012:
 - Úttekt skipt í þrjá hluta: 1) Geymsla efna, 2) umhelling efna og 3) vinnsla efna.
 - Sem hluti af úttektinni var gerð tilraun með að hafa opinn terpentínutank allan júnímánuð. Uppgufun mældist um 1,8% af rúmmáli efnisins yfir allt tímabilið. Umhverfisstofnun bárust ekki ábendingar um lyktarmengun á þessum tíma.
 - Niðurstaðan er að uppgufun efna frá starfseminni sé langt innan við 5%. Af eðlilegri starfsemi geti því ekki stafað lyktarmengun sem truflað geti í nágrenni starfstöðvarinnar.



Gerð starfsleyfistillögu

- Leitað var umsagna:
 - Heilbrigðisnefndar Suðurnesja
 - Reykjanesbæjar
 - Vinnueftirlitsins
 - Brunavarna Suðurnesja
 - Skipulagsstofnunar
- Heilbrigðisnefnd setti fram ábendingu varðandi kvittanir sem Efnæimingu ber að gefa út við móttöku spilliefna.
- Reykjanesbær gerði engar athugasemdir.
- Vinnueftirlitið skoðaði starfsemina og gerði ekki athugasemdir.



Gerð starfsleyfistillögu

- Eldvarnaeftirlit Brunavarna Suðurnesja tók út starfsemina og gerði engar athugasemdir.
- Niðurstaða Skipulagsstofnunar að tillagan sé í fullu samræmi við umfang starfseminnar eins og hún var kynnt vegna matsskylduákvörðunar.



Ákvæði starfsleyfistillögu

Tillagan skiptist í sjö kafla:

1. Almenn ákvæði.
2. Starfshættir.
3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.
4. Móttaka úrgangs.
5. Innra eftirlit rekstraraðila.
6. Gjaldskylda.
7. Gildistaka.



1. Almenn ákvæði

Umfang starfseminnar:

- Heimilt að endurvinna allt að 80 tonn á ári af tilteknum spilliefnum í vökvaftasa. Spilliefnin sem um ræðir eru terpentína, sellulósapynnir, etanól og önnur sambærileg leysiefni.
- Starfsleyfið tekur einnig til geymslu hráefnis og afurða í starfstöð rekstraraðila. Magni spilliefna sem eru til geymslu skal haldið í lágmarki og skal það ekki vera meira en 20 tonn hverju sinni.
- Rekstraraðila er heimilt að flytja spilliefni til endurvinnslu í starfstöð sinni að Seljavogi 14. Jafnframt er heimilt að flytja spilliefni sem ekki eru endurunin og úrgang frá starfseminni til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- Förgun úrgangs er bönnuð.



1. Almenn ákvæði

Eftirlitsaðili:

- Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni.
- Reglubundin eftirlitsferð á tveggja ára fresti (4. flokkur).
- Viðbótareftirlit ef ástæða er til.

Endurskoðun starfsleyfis:

- Reglubundin endurskoðun á fjögurra ára fresti.
- Endurskoðun fer einnig fram ef breyting verður á rekstrinum, öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð, ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við, ef breytingar verða á bestu fánanlegu tækni eða ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.





1. Almenn ákvæði

Upplýsingaréttur almennings:

- Almennitur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi er á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- Skýrslur úr mengunarvarnaeftirliti eru á heimasíðu.
- Ef frávik koma fram í eftirlitsferðum eru bréf vegna eftirfylgni birt á heimasíðu.

Valdsvið og þvingunarúrræði:

- Fylgi Efnæiming ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt þvingunarúrræðum til að knýja fram úrbætur. Úrræðin felast m.a. í áminningu, dagsektum og stöðvun rekstrar.




2. Starfshættir

Umhverfi og takmörkun aðgangs:

- Lágmarka skal álag sem starfsemin veldur á umhverfið.
- Fara skal þannig með allan úrgang, hráefni og afurðir að starfsemin valdi ekki óþrifnaði eða ónæði, s.s. foki, ólykt eða hávaða.
- Skal þess gætt að lofttegundir sem eru hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar valdi ekki óþægindum í nánasta umhverfi.
- Athafnasvæði skal vera snyrtilegt, það afgirt með öryggisgirðingu og vaktað allan sólarhringinn.
- Á öryggisgirðingu skulu vera skilti sem vara óviðkomandi við hættu og upplýsa um að aðgangur sé bannaður.

Mengunarvarnir og nýting orku:

- Nota skal bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel.
 - Besta fáanlega tækni við geymslu hættulegra efna.
- 

2. Starfshættir

Umhverfismarkmið:

- Efnæiming skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

Viðbragðsáætlun:

- Efnæiming skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli áhættumatsins.

Óeðlilega mikil mengun:

- Berist óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið ber Efnæimingu að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og að hreinsa þá mengun sem orðið hefur, á sinn kostnað.

Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa:

- Tilkynna skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum umhverfisáhrifum.





2. Starfshættir

Efnaeiming skal útbúa verklýsingar um eftirfarandi:

- Móttöku, meðhöndlun og geymslu spilliefna.
- Umgengni um búnað, þ.m.t. hreinsun á tækjum og ílátum.
- Reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
- Viðbrögð við óhöppum.
- Þjálfun nýrra starfsmanna.

Verkstjórn:

- Starfsemi í starfstöð Efnaeimingar skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á endurvinnsluferlinu, öllum búnaði stöðvarinnar, ákvæðum þessa starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.



2. Starfshættir

Meðhöndlun spilliefna:

- Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Skal þess vandlega gætt að þau berist ekki í fráveitu.
- Spilliefnum sem geymd eru skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt, í samræmi við ábendingar og kröfur Brunavarna Suðurnesja. Skal staðsetja ílát í öruggri fjarlægð frá húsum.
- Efnæiming skal takmarka loftmengun frá starfseminni eins og kostur er og skal leitast við að lágmarka útstreymi rokgjarnra spilliefna, m.a. við umhellingu og dælingu efna og við losun eimingarleifa úr eimingartækjum.
- Óheimilt er að opna eimingarpott eftir eimingu fyrr en þrýstingur í honum hefur náð u.þ.b. einni loftþyngd og hitastig hans er komið undir 60° C.





2. Starfshættir

Tryggingar:

- Efnaeiming skal taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns í hafi og á ströndum.

Eimingarleif:

- Öllum leifum frá eimingu spilliefna skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta hentuga tækifæri.
- Við geymslu skal komið í veg fyrir að eimingarleifar geti valdið útstreymi rokgjarnra spilliefna eða óþægindum í nánasta umhverfi.



3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Kælivatn:

- Ef kælivatn úr lokuðu kerfi eimingartækja inniheldur ekki spilliefni má leiða það ómeðhöndlað í fráveitukerfi.
- Rofni lagnir í kælikerfi þannig að spilliefni eigi leið inn í kerfið skal samstundis stöðva losun kælivatns í fráveitukerfi.

Athafnasvæði:

- Athafnasvæði þar sem spilliefni eru meðhöndluð skal lagt bundnu yfirborðslagi.
- Frárennsli frá öllum rýmum og plönum þar sem spilliefni eru meðhöndluð, þ.m.t. geymd, skal leitt í lokaða söfnunarpró.



3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Söfnunarþró:

- Ávallt skal vera lokað fyrir frárennsli úr söfnunarþró og skal frárennsliskrani vera læstur.
- Söfnunarþróna skal vakta og viðhalda skv. verklýsingu.
- Ávallt skal vera laust a.m.k. 2 m³ rými í þrónni.
- Sé tryggt að spilliefni hafi ekki borist í þróna má leiða innihald hennar ómeðhöndlað í fráveitukerfi. Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í þróna er það hins vegar bannað.
- Ef spilliefni hafa borist í þróna skal annað hvort dæla úr þrónni og endurvinna innihald hennar í starfstöðinni eða greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldinu og ráðstafa því í samráði við eftirlitsaðila.



3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Frágangur íláta:

- Öll ílát sem notuð eru við geymslu og/eða flutning spilliefna skulu viðurkennd til slíkra nota og vera merkt á viðeigandi hátt.
- Óheimilt er að geyma rokgjörn spilliefni í opnum ílátum.
- Við geymslu skulu ílát staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski.
- Hafa skal reglulegt eftirlit með ílátum á geymslusvæði.

Hreinsi- og slökkvibúnaður

- Viðeigandi búnaður og efni til hreinsunar spilliefna sem kunna að fara niður skulu vera til reiðu, t.d. ídræg efni til hreinsunar á vökvum.
- Viðeigandi búnaður til slökkvistarfa skal vera til staðar, í samræmi við kröfur Brunavarna Suðurnesja.



4. Móttaka úrgangs

Móttaka og skráning úrgangs

- Skrá skal upplýsingar um öll spilliefni sem tekið er á móti til endurvinnslu – tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyritæki, vinnsluaðferðir og ráðstöfun.

Spilliefni sem ekki eru endurunnin

- Spilliefnum sem kunna að berast en ekki eru endurunnin í starfstöðinni skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta hentuga tækifæri.



5. Innra eftirlit rekstraraðila

Skráningar

- Upplýsingar um öll spilliefni sem tekið er á móti eða eru flutt.
- Upplýsingar um spilliefni sem skilað er til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Rekstur fráveitukerfis, þ.m.t. niðurstöður eftirlitsmælinga.

Skýrslur til eftirlitsaðila

- Árlega skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar.
- Árlega skal skila grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.





5. Innra eftirlit rekstraraðila

Eftirlitsmælingar

- Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró og ekki er ætlunin að endurvinna innihald hennar skal greina styrk mögulegra mengunarefna í innihaldinu.
- Ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í kælivatn frá eimingartækjum eða grunur um að styrkur svifagna sé hærrí en losunarmörk kveða á um skal greina styrk mögulegra mengunarefna í vatninu.

Losunarmörk

- Efnaeiming skal miða við að dreifð losun rokgjarnra spilliefna fari ekki yfir 5% af meðhöndluðu magni.
- Losunarmörk fyrir kælivatn fyrir losun í fráveitukerfi:
 - Svifagnir 35 mg/L
 - Olía/fita 15 mg/L



7. Gildistaka

Starfsleyfið öðlast gildi við útgáfu.

Það gildir til sextán ára.



Starfsleyfistillaga fyrir Efnæimingu

Auglýsingatímabili lýkur 27. desember nk.

Hægt að nálgast starfsleyfistillögu og starfsleyfisumsókn:

- Í afgreiðslu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ.
- Á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- Eintök af starfsleyfistillögu liggja frammi á fundinum.

Athugasemdir skulu vera skriflegar, undirritaðar með nafni og heimilisfangi og sendar Umhverfisstofnun eigi síðar en 27. desember nk.





UMHVERFISSTOFNUN

Opið hús hjá Efnaeimingu

Á morgun, kl. 16-18, ætlar Efnaeiming að hafa opið hús og kynna starfsemi sína.

Allir velkomnir





UMHVERFISSTOFNUN

NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN

